Um leið og eg lýk við þessar endurminningar mínar frá fyrstu vertíð minni í „Skeri“, vil eg bæta nokkru við, sem til- heyrir liðinni öld og liðnum tímum, sem nú er að mestu gleymt, en það eru útileikir þeir er tíðkuðust í reku minni og eg hefi drepit á hér að framan. Bændaglímur eru enn í móð, og líklega með ennpá meiri i- þróttalegri snilli en fyr, þó að þá fyndust einnig frábærlega snjallir glímumenn. Skjaldborg var það kallað, að menn slógu mannhring þannig, að 20—30 menn héldu hver undir hand- legg öðrum eða um bak eða herðar; einn maður var inni í hringnum, og hans hlutverk var að komast út úr honum, annaðhvort að rjúfa mann- hringinn eða stökkva yfir hann. Ef að menn voru liðugir og samtaka var erfitt að rjúfa hringinn, ef hann réðist á eina hlið, jafnvel kipti mönnum á loft, eða því um líkt, þá voru óðara fætur allra hinum megin í hringnum vafðir um hann eins og sogarmar á kolkkrabba, og drógu hann þannig inn aftur. Enginn mátti nota nema fætarna. Barst svo leikurinn þannig um völinn uns maður- inn var yfirkomin af mæði; sló hringurinn sér þá út aftur á nýjan leik, og þannig gekk það, þar til maðurinn var upp- gefinn og gaf upp leikinn, ef honum ekki tókst að rjúfa hringinn, og kom þá annar í hans stað; en leikurinn hélt á-

fram þar til skjaldborgin var rofin eða maðurinn stökk yfir hana, sem sjaldan tókst, því einatt voru fætur á lofti til að krækja niður hvern þann, er þess freistaði. Ef að snar og sterkur maður var innilokaður tókst honum oft að að rjúfa hringinn, en ef engum tókst það, var leikurinn gefinn upp. Þessi leikur var ærin þrekraun fyrir alla, er tóku þátt í honum.

Annar leikur var kallaður hnappleikur. Tóku þátt í honum 10–20 menn, þannig, að hver stóð að baki öðrum og hélt í bróklinda eða buxastreng hins. Sá fremsti var ávalt valinn sá, er sterkastur var, því hann skyldi ávalt verja hnappinn, en það var sá síðasti í röðinni; til þess var valinn ósterkari maður eða unglingur, en snar og liðugur. Hlutverk þess, er á sótti var það að ná höfuðfati hnappsins. Listin við þennan leik var að verja hnappinn, svo að sá, er á sótti, næði honum ekki. Tókust nú ryskingar harðar og sveiflur eldsnarar. Var um að gera að brjóstfyllingin gætti vel skyldu sinnar, því ef sá er að sótti komst fram hjá fylkingarbrjóstinu, braut hann fylkinguna og þyrtaði liðsmönnum í allar áttir, ef ekki tókst að ná henni aftur saman. Þessi leikur var einnig þrekraun mikil og stór-erfiði.

Þá voru bæði hlaup og stökk. Einn var og sá leikur okkar, að fara í strokk eða sækja smjör í strokk. Hann var með því móti, að tveir háir menn héldu höndum sínum hver á axlir öðrum, en sá, sem í strokkinn átti að fara, lagði húfu sína eða höfuðfat á jörðina milli þeirra, lyfti sér síðan upp á arma þeirra og stakk sér á höfuðið niður milli þeirra. Leikurinn var í því innifalinn að ná húfu sinni með tönnunum. Ef maðurinn var svo hár, að hann gæti krækt tánum á arma manna, er héldu honum uppi, gat honum auðveldlega tekist þetta en ef hann var lægri, var þraut-in þyngri; þá varð hann að handstyrkja sig niður og láta fætuna hafa stuðning af brjóstum manna taka húfunna með tönnunum og handstyrkja sig sömu leið til baka — upp úr strokknum — og þótti slíkt vel gert, enda léku það fáir. Ekki máttu menn þeir er strokkinn mynduðu á neinn hátt torvela honum framkvæmd ætlunarverksins.

Hvernig á því stóð, að vorvertið lagðist niður í Skeri, hefi eg ekki getað fundið, en líklegt

þykir mér, að það hafi orðið í kringum eða eftir aldamótin 1800, þegar Hergilsey byggðist frá Flatey, og skifti fóru fram á úteyjum og skerjum milli Hergilseyjar og Flateyjar. Í skiftum þeim hlaut Flatey Oddbjarnarsker, en síðan makaskiftu eigendur Skerinu móti Stykkiseyjum, og hafa þau skifti haldist síðan. Eða þá að fiskur hefir lagst frá á árabili. Þá mun selveiði engin hafa verið í Skeri, af stygðinni af mannanginum, og varla varp mikið heldur, en hvorttveggja jókst þegar umferð minkaði, og nú á þessum tímum er mikið æðarvarp í Skeri og írekstrar-selveiði mikil, ef vel er að dugað. — Nú á tímum er öllum róðrum hætt í Skeri, bæði haust og vor, og veldur miklu um, að nú er fiskur ár hvert farinn að ganga inn að Flatey, og eins eða öllu fremur að nú er hver kæna að heita má með vél, og því hægra að sækja út, ef með þarf. Hin góðu flyðrumið í kringum Skerið eru þegar eyðilögð af ágangi togara og annara veiðiræningja, en dísir og dverggar og aðrir hólbúar drúpa nú í djúpri sorg yfir velli þeim, er áður dundi af gjallandi gleðiópum og magnþrungnum hlátri fjörmikillar og heilbrigðrar æsku, en vargar og veiðibjöllur hundruðum saman kveða sorgaróð sinn á mánaþjörtum haustnóttum eða vorþjörtum síðkvöldum um horfna dýrð og forna frægð.

- ég drap mann.

Þegar eg var að fara heim hérna um kvöldið og fór fyrir gamla hornið, þá blinduðu mig alt í einu bilaljós.

Hægra megin á veginum gekk málari til vinnu sinnar. Hann átti næturvakt. Hann átt-aði sig ekki á þessu og beygði vitlaust við.

Þegar billinn rakst á hann, hrökk eg til í sætinu.

Málaraskrokkurinn rann til eftir götunni um fimtíu fet. Svo fór hann á grúfu og lá kyr. — Matarkassinn hans rann svolítið lengra eftir götunni. Svo var það búið.

Þegar við komum að honum, sáum við að það þurfti ekki að flýta sér að ná í lækni. Málarinn var dáinn.

Svo fór eg í löng og þreytandi réttarhöld. Það var sannað og því slegið föstu, að skeð hafði slys, sem ekki hafði verið hægt að afstýra. — Eg var frjáls maður. Eg get sofið út á sunnudagsmorgnum. Eg get geispað og teygst mig. Eg get borðað, þegar eg er svangur og drukkið vatn þegar mig þyrstir. Eg get fundið hlýjan vindinn leika um líkama minn. Eg get lifað og elskað.

En eg get ekki gleymt því, að mín vegna sér ekki einn maður sólina aftur. Hann finnur ekki vöðva sína hreyfa þunga vagninn. Hann getur ekki skilið og

fundið hvað gaman er að vera til. Hann getur ekki litið út um verksmiðjugluggann og horft á tungsljósið. Hann getur ekki tekið upp matarkassann sinn og borðað, þegar hann svengir.


Mín vegna er til móðir, sem aldrei heyrir vel þekta fótatak-ið, þegar verki dagsins er lokið, og hún verður að skýra fyrir börnunum einum hluti, sem sárt er að skýra og skilja.

Eg veit, að þetta er ekki mér að kenna, — þannig hljóðaði dómurinn, — en eg get ekki hætt að hugsa um hvernig alt hefði verið, ef eg hefði farið svo litið fyr af stað, eða ekið svo litið hægara — eða harðara — eða eg hefði verið svolítið klárari á þessu augnabliki, eða bremsurnar betri, eða eg hefði getað gert mér í hugarlund alt sem ske kynni á horninu.

Það eru tvö ár síðan þetta skeði, en atburðurinn fer ekki úr huga mér. Ekkert getur fengið mig til að gleyma, að eg get gengið eftir götunni, en annar maður getur það ekki — mín vegna — hann er dáinn.

Eg get ekki gleymt því, að ýms atvik, sem hefðu getað verið alt öðru vísi, urðu þess valandi, að eg drap mann.

— Þýtt. —



„ÁRÁS“ Á KONUNGSHJÓNIN BRESKU.

Kanadískir uppgjafahermenn voru svo áfjáðir í að heilsa upp á konungshjónin bresku í Ottawa, að þeir ruddust gegn um lögregluvörðinn og umkringdu konungshjónin, tóku í hendina á drottningunni og klöppuðu á herðar kónginum. Létu þau sér vel líka, en slíkur taugaóstyrkur greip vesalings embættismennina í Ottawa, að það lá við að liði yfir suma þeirra.

ANDRÉ MAUROIS:

HJÓNABANDIÐ

„Það er verst,“ segir Byron „að maður getur hvorki lifað með kvenfólki né án þess“. Og með þessari setningu kollvarpar hann grundvallaratriði hjónabandsins. En gæti karlmaðurinn nú á annað borð ekki lifað án kvenna, á hvaða hátt getur hann þá best komist af við þær?

Í einkvæni, ef til vill?

Í tvö þúsund ár hafa menn skrifað um hjónabönd, og fært rök bæði með og á móti þeim.

Höfuðrök hjónabandsandstæðinganna eru fyrst og fremst þau, að hjónabandið sé helsi, sem stríði gegn eðli og lögmálum náttúrunnar sjálftrar. Í öðru lagi ræni það manninn — sem og konuna, öllum möguleikum rómantískrar framtíðar.

Allur heimurinn er sáttur um það, að ástin sé, ekki síður en hungur eða þorsti, náttúruhvöt. Hinsvegar er varanleiki ástarinnar ekki náttúruhvöt. Tilhugsunin um ævarandi helsi um óslitandi samvistir með einhverri manneskju — hversu heillandi sem hún annars kann að vera — hlýtur að vera hræðileg fyrir þá sem vita sig fjöllynda, og sem eiga það á hættu, að falla í freistni.

Margir atorkumenn hafa full-yrt, að hugrekki og andlegir hæfileikar manns biði tjón af hjónabandi. Einu sinni sagði mér piparsveinn einn, að atorku sína og mátt sinn hefði hann öðlast vegna þess að hann stóð einn í lífinu. „Þegar einhver félagi minna kemur heim til sín á kvöldin,“ sagði hann, „þá hvíslar hin metnaðarþyrsta eða smáborgaralega eiginkona í eyru honum: „Nú hefurðu í eitt skifti ennþá látið snuða þig. Félagi þinn er búinn að fá stöðu í stjórnarráðinu, á meðan þú situr við þitt gamla starf, og hækkar ekki í tigninni“, eða hún skýrir með kvenlegri nákvæmni frá öllum slúðursögnum, sem sagðar eru um hann í samkvæmum og kaffiboðum. Árangurinn verður: Hann fær enga hvíld — fær ekkert næði. En eg er einn. Eg get lesið — eg get hugsað — get gleymt“

Gefur ekki sjálf kápólska kirkjan kosti einlifsins til kynna, um leið og hún bannar prestum sínum að kvongast? Hefir maður ekki lesið það hundrað sinnum, að það hlægi-

legasta sem til er í heimi er kvæntur heimspekingur? Hvers vegna? Vegna þess, að því sem sagt er, að kvænti heimspekingurinn hefir ekki tíma til að helga sig heimspeki sinni, heldur á hann í eilífu þrasi og stappi við konuna sína, sem hugsar um ekkert nema um búið og börnin, um mat og aðra algengustu hluti hins daglega lífs.

Hjónabandsandstæðingar segja, að hjónalífið verði alltaf að miðast við lakari einstaklinginn, því það sé siðferðileg skylda þess sem vitrari er, að láta undan.

Þetta eru nokkur andstæð rök hjónabandsins, sem ekki eru veigalítil. En rök þau, sem mæla með hjónabandinu, hljóta þó að vera enn sterkari, þar sem hjónabandið hefir öld eftir öld staðið af sér allar byltingar, hvort heldur þær hafa verið trúlegs eða stjórnmálalegs eðlis. Það er athyglisvert, að Shelley, þessi huglægi andstæðingur hjónabandsins, kvæntist tvisvar, og að lönd eins og Tyrkland sem höfðu fjölkvæni til þessa, breyta til og taka upp einkvæni. Við skulum þess vegna gera tilraun til að ihuga hvað það sé, sem veldur mætti hjónabandsins og tryggir fastheldni þess. Eg kem auga á tvenn rök sem mæla með því: Önnur koma fjöldanum við, hin einstaklingnum.

Við skulum í stuttu máli athuga, hvers vegna hjónabandið er nauðsynlegt viðhaldi þjóðfé-

lagsins. Auguste Comte getur leiðbeint okkur í því efni. Sjálfhjargarhvötin gerir hvern einstakling eigingjarnan. Það er að eins tvær aðrar náttúruhvötir, sem geta orðið nógu sterkar til að halda eigingirninni í skefjum og gera manninn að þjóðfélagslegri veru eða frumu. Í allri mannkynssögunni sjáum við, að mennirnir hafa getað bygt skipulag þjóðfélagsins á tveimur náttúruhvötum, sem hvor fyrir sig var jafn sterk og sjálfhjargarviðleitnin — en það eru kynhvötin og móðurhvötin, eða móðurástin.

Það er nauðsynlegt, að hvert einstakt þjóðfélag sé bygt af öðrum smærri heildum, þar sem mannkærleikinn er auðveldur vegna kynhvatarinnar eða móðurástarinnar sem eru upptök hans eða orsök. Orsakatengslin milli sjálfsselskunnar og mannkærleikans, sem eru nauðsynleg grundvallaratriði í hverju þjóðskipulagi, er ekki hægt að framkvæma þau, vegna þess, að hinn elskaði verður ávalt einhver hluti af þeim sem elskar. Að elska og að hjálpa þeim sem maður elskar, er í rauninni ekkert annað en fullnægning sjálfsselskunnar eða eigingirninnar.

En hvernig er þá hægt, að byggja varanlega þjóðfélagslega eind á ástinni — þessari hverfulu tilfinningu, sem þekkir engin lög og engar reglur? Ástin getur komið okkur til þess, að lifa nokkura daga með þeim manni eða þeirri konu, sem við höfum valið okkur. En mun þetta samlif ekki sundrast og hverfa, ásamt ástinni, vegna dutlunganna, sem okkur eru meðskapadír?

Út frá þessu verðum við að

ganga, þegar við leitum að lausn gátunnar: Hjónabandið er tilhögun sem á rót sína að rekja til náttúruhvatar. Og strax í hinum frumstæðustu þjóðfélögum kom mönnum það snjallræði í hug, að heimta bindandi loforð eða eið af einstaklingnum á því augnabliki, sem kynhvötin gerði þeim auðvelt að gefa þetta loforð. Þannig er hjónabandið tilkomið, og fyrsta sönnunin fyrir gildi þess er sú, að ekkert heldur öflum lífsins, þeim sem skipulagning hverrar þjóðar grundvallast á, eins vel saman og þessi eiður, þetta loforð sem kynhvötin rekur mann til að gefa, og sem myndar hjónabandið — frumeind þjóðskipulagsins.

En væru félagslegar ástæður einu rökin fyrir gildi hjónabandsins? Þá yrði hjónabandið að fótakefli sem þjóðfélagið setti fyrir hvern einstakan. En þannig vikur þessu ekki við, því það eru einnig aðrar ástæður fyrir hendi og önnur rök sem mæla með hjónabandinu — og þau koma einstaklingunum við.

Don Juan myndi segja: Hið skemtilega í lífinu eru möguleikarnir fyrir æfintýralegrri framtíð, fyrir eilífum breytingum og endurvakning ástriðna. Þess vegna megi maðurinn ekki hefta sig í fjötra með því að kvænast.

En sést það í nokkuru, að þeir sem velja sér hina frjálsu lifnaðarháttu, séu á nokkurn hátt frjálsari eða hamingjusamari en annað fólk?

Þau viðfangsefni, sem gera hjónabandð örðugt, mæta einnig frjálshyggjumanninum eða konunni í ástamálum í hvert skifti sem þau komast í nýtt ástasamband. Og þessi viðfangs-



FYRIR KEISARAFRÚNA.

Félög þjóðernissinnaðra kvenna í Japan eru mjög fjölmenn. Í Tokio eru 5000 konur í félaginu þar. Hér sést fylking þjóðernissinnaðra kvenna þar í borg í Hibiya-skemtigarði, en þar tóku þær þátt í hátíðahöldum á afmælisdegi drottningarinnar.

efni eru þeim jafnvel örðugri úrlausnar en í hjónabandinu, vegna þess, að báðir aðilar hins frjálsa ástasambands vita, að það leysist fyrir eða síðar upp og þar af leiðandi reynir hvorugur þeirra, að leysa viðfangsefnið til hlýtar.

Hin „frjálsa“ ást er ekki frjáls. Hún er það enn síður vegna þess, að hún finnur hvorki stuðning þjóðfélagsins né almenningsálitsins. Það þarf ekki annað en minnst þess lífs, sem Liszt og Madame d'Agoult lifðu, eða lesa lýsinguna á flótta þeirra Önnu og Wronsky's í „Anna Karenina“ eftir Tolstoj. Wronsky finst sjálfum hann vera fjöttraður sterkari hlekkjum heldur en venja er til um unga menn, sem þó eru kvæntir. Þetta er vegna þess, að konan óttast svo um, að hún missi af honum. Orð, gerðir eða hreyfingar, sem eru þýðingarlausa og hafa ekkert að segja hjá giftu fólki, vekja ótta og skelfingu hjá tveimur manneskjum, sem ekkert tilkall eiga hvort til annars, af því að hin hraðilega spurning vaknar ávalt í brjóstum þess: Er það búð?

Brieux hefir í „Les Hanne-ton“ sýnt mjög vel fram á, að ólöghelgað ástasamband er miklu meiri efnisískum bundið og hættulegra viðfangsefni en hið löghelga hjónaband. Líf Turgenjew's hjá Viardot-fjölskyldunni er ágætt dæmi um þetta. Og enda þótt hjónabandið sé jafn hverfult og brothætt, sem það oft og einatt er í Ameríku, þá biður hjónanna þó sú hjargfasta staðreynd, að í gegn um hjónabandið hafa þau öðlast annan sess í þjóðfélaginu, og þar sem þau eru trygð gegn hinum hættulegustu mistökum og heimskupörum.

Við skulum nú athuga nánar þá mótbáru, að hið æðra andlega líf sé óhugsandi í hjónabandinu. Maður verður að viðurkenna, að í fjölda hjónabanda er hvorki andlegt né sálrænt samband fyrir hendi, og jafnframt, að það sé býsna sjaldgæft, sem hjónaband auðgar sálfargáfur einstaklinganna. En við skulum þrátt fyrir alt ganga út frá, að einstaklingarnir hafi hina fullkomnustu möguleika til góðs og gófugs samlífs í hjónabandinu. Í upphafi hvers ástasambands milli karls og konu, gefur hin gagnkvæma ástapörf þeim aukinn skilning og aukna virðingu hvort fyrir öðru. En einstaklingar, sem taka saman án þess að njóta



„LÖG OG RÉTTUR.“

Þessir menn eru í falangistasveitum Franco, og hafa þeir það hlutverk, að gæta laganna í spænskum borgum, en það mun vera allerfitt verk, á æsingatímum þeim, sem nú eru þar í landi. Það er nefnilega fjarri því, að alt sé kyrt og rólegt á Spáni, þótt Franco hafi sigrað. Nú er verið að hreinsa til og koma á fasistiskum lögum og rétti. Fjöldi manna er í fangabúðum og mörg hundruð manna hafa verið teknir af lífi. Eru það aðallega menn, sem staðið hafa framarlega í baráttu gegn Franco, eða hafa sekir fundist um einhverja glæpi.

stuðnings einhvers skipulags, eiga það hinsvegar altaf á hættu, að samkomulagið fari út um þúfur, þegar við fyrstu mistök. „Hjónabandið er eina bandið, sem herðist því lengra sem líður.“ Og um hina vitsmunalegu þróun má segja, að hinn kvænti maður, (sem er hamingjusamur í hjónabandi), hefir oft og einatt réttari og skynsamlegri skoðun á lífinu og viðfangsefnum þess, heldur en piparsveinninn, og það stafar af því, að hann þekkir eina konu venjulega mjög vel — konu, sem verður honum lykill að almennu sálarlífi kvenna.

Vel að merkja: Finnum við nokkura aðra lausn en hjónabandið?

Í mörgum ástasamböndum?

Þau verða sjaldan til hamingju, og á þróskuldi ellinnar á maður engan ástrikan förunaut, auk þess sem örðugt er, að ala börn sín upp í hamingju og lífsgleði.

Í fjölkvæni?

Sú menning, sem sprottið hefir í skjóli fjölkvænisins, hefir aldrei staðið menning einkvænisins á sporði.

Í ótakmörkuðu frelsi?

Eg hef í nokkur undanfarin ár veitt þróun rússneskra síða mikla athygli. Í byrjun byltingarinnar vildu bæði menn og konur afnema hjónabandið, eða a.m.k. losa svo mikið um það, að lítið yrði eftir nema nafnið eitt. En nú virðist, og einkum undir forustu kvenna, sem hið langvinna hjónaband ætli aftur

að komast til vegs í rússnesku þjóðlífi.

Hvaða úrræði eru til fleiri?

Breytt skipulag hjónabandsins?

Lindsay, hinn frægi ameríski dómari, uppgötvaði eitthvað, sem hann nefndi vináttuhjónaband. Hann stakk upp á, að samband milli karls og konu skyldi viðurkennt, en fæðing fyrsta barnsins helgaði þetta samband, og það væri hið raunverulega hjónaband. En það er ávalt vitlaust, að halda að hægt sé að byggja hjónabandið alment á vitsmunagrundvelli. Þrátt fyrir galla á fyrirkomulagi einkvænisins, svo sem ótrygð í hjónabandi, eða löggjöf, sem auðveldar hjónaskilnað, er það þó engum vafa undirorpið, að einkvænið er fyrir vestræna menning sú lausn viðfangsefnisins, sem langsamlega flestir munu setta sig við — og minsta galla hefir.

Hvernig á þá að stofna til hjónabands?

Balzac og margir aðrir fullyrða, að ef heilbrigðar, vel gefnar og lífsglaðar manneskjur úr sömu stéttum þjóðfélagsins taki saman, muni ástin koma af sjálfu sér, svo framarlega sem báðir aðilar eru ungir. Þetta er raunsæ en ekki rómantísk skoðun á hjónabandinu.

Shelley kvæntist upphaflega af ást. Honum fanst unga stúlkan sín yndisleg. Tilfinningin um það, að hún verðskuldaði meðaumkun hans og þyrfti á vernd hans að halda, gerði hana enn

yndislegri. En tilhneigingar hennar og smekkur beindist inn á aðrar og honum fjarskyldar brautir. Það sem síðar skeði er almenningi kunnugt. Hann yfirgaf hana í ofsa og hún fyrirfór sér. Aftur á móti kvæntist Disraeli konu, sem var eldri en hann sjálfur, og hann kvæntist ekki af ást, heldur af skynsamlegum ástæðum. En hjónabandið varð eitthvert hið hamingjusamasta, sem sögur fara af, og í hárrí elli er ástin milli þessara tveggja gamalmenna orðin svo djúp og viðkvæm, að hún verkar ekki að eins hrifandi, heldur jafnvel skoplega.

Verður þá að fordæma ástargiftingu af þessum ástæðum?

Enganveginn. Að vísu útheimtir vel hepnad hjónaband allmikið meir en gagnkvæma ástarhvöt, en hinu verður ekki neitað, að tvær manneskjur, sem þrá hvor aðra í upphafi, hafa undir flestum kringumstæðum meiri möguleika til að skapa sér gleðiríkt og hamingjusamt líf, heldur en þær, sem ekki unnast.

Hið óákveðna hugtak: aðdráttur, gefur öllum einhvern vott af von. Fegurð er afstætt hugtak. Hún er falin í sjón eða tilfinning hvers einstaks áhorfanda. Sá maður, sem er álitinn vera glæsilegur eða fallegur af einum, getur þótt ljótur í annars augum. Gáfur og glæsileg framkoma geta gert konu yndislega, þótt hún sé ófrið eða með óreglulega andlitsdrætti. Og loks fegrar sönn ást, skyndi-

lega og á undraverðan hátt þær manneskjur, sem elska og eru elskaðar. — Sá eiginmaður hefir ástæðu til að skammast sín til muna, sem lætur konuna sína ekki líta betur út eftir nokkurra ára hjónaband, heldur en þegar þau giftust.

En gagnkvæmur aðdráttur — jafnvel þótt hann sé bæði andlegs sem líkamlegs eðlis, nægir ekki til að gera hjónaband hamingjusamt. Báðir hjónabandsaðilarnir verða að gefa sjálfum sér þetta loforð: Eg hef valið mitt hlutskifti og eg bind mig æfilangt. Frá þessari stundu er tilgangur lífs míns ekki fallinn í því, að leita þess sem mig langar í, heldur í því, að geðjast þeim, sem eg hefi valið mér fyrir förunaut.

Þessi ákvörðun er undirstaða hjónabandsins, sama hvort stofnað er til þess af ást eða skynsemi. Það skiftir í sjálfa sér ekki svo miklu. En hjónaband, sem grundvallast á ást, gefur þó ef til vill mesta möguleika til hamingjusamlegs lífs, ef stofnað er til þess með þeim fasta ásetningi, að gera það órjúfanlegt.

Eru þá mörg hjón hamingjusöm?

Tvímælaust. En þau eru hamingjusöm vegna þess, að þau láta ekki rekast áfram í blindni, heldur óska hamingjunnar og stofna til hennar.

Hvernig er hægt að stofna til hamingju?

Ef að eg ætti að gefa ákveðið svar, myndi eg segja: Hjónabandið er þrotlaust verkefni, en ekki neitt, sem er þegar fullgert eða um garð gengið.

Andleg afstaða þeirra, er gifta sig, á að vera sú sama til lífsins og afstaða listamannsins, sem er að byrja á nýju listaverki.

Sá maður, eða sú kona, sem giftir sig, á að hugsa sem svo: Núna ætla eg ekki að skrifa, heldur að lifa nýja skáldsögu. Eg veit, að eg verð að taka lyndiseinkunn og framkomu okkar beggja eins og þær eru fyrir hendi, en eg vil, að verkefni mitt takist, og það skal hepnast. Sé þessi vilji ekki fyrir hendi í upphafi hjónabandsins, þá er uppistaða þess ekki rétt.

Ef að maður eða kona kæmu til mín og segðu: „Eg ætla að gifta mig, mig langar til að reyna það. Ef illa fer, verður maður að sætta sig við það, eða skilja að öðrum kosti“, þá myndi eg gera mitt ítrasta til að koma í veg fyrir það hjónaband. Það væri ekkert hjóna-

band. — Að visu, þrátt fyrir góðan vilja, aðgætni og hrifni, getur enginn maður verið öruggur um, að verkefni hans hepnist. En alt það, sem byrjað er á án trúar, án festu og óbifandi viljaorku, má ganga út frá sem mishepnun.

Það er ekki nóg með það, að hjónabandið sé verkefni, heldur er það óþrjótandi verkefni, sem ávalt er nýtt. Aldrei — nema ef vera skyldi í hárrí elli — mega hjón setjast í helgan stein og hugsa sem svo: Við höfum unnið leikinn, nú getum við hvílt okkur.

Leikurinn vinst aldrei. Tilviljanirnar í lífinu gera sérhverja breytingu hugsanlega. Hversu mörg hjónabönd, sem virtust vera stofnuð á varanlegum grundvelli og voru hamingjusöm, gengu ekki til grunna í hörmungum stríðsáranna? Og það þarf ekki annað en hugsa til þess, hve miklar hættur biða hjónabandsins á tímabili hins „hættulega aldurs“. Meira að segja hin bestu hjónabönd eru verkefni, sem daglega verður að leysa, þau eru hamingja, sem daglega verður að byggja upp að nýju.

Að vera hreinskilinn, en kurtéis, eru boðorð hjónabandsins. Í hamingjusömu hjónabandi verður hvor aðilinn fyrir sig að taka tillit til smekks og óska hins. Það væri barnaskapur, að

ætlast til þess, að tvær manneskjur hefðu sömu hugsanirnar, sömu dómgreindina og sömu óskirnar. Slikt er óhugsandi, og það er heldur ekki ákjósanlegt.

Þannig er hjónabandið langt frá því að vera það, sem rómantískir elskendur hafa hugsað sér það. Hjónabandið er tilhögun eða skipulag, sem byggist á náttúruhvöt. Ef það á að verða hamingjusamt, þarf annað og meira en ástriðufulla tilhneiging. Það þarf líka vilja, sjálfsafneitun og vit. Séu þessi skilyrði uppfyllt, þá getur myndast undravert og einstætt samband, sem í senn er ást og vinátta, líkamlegar ástriður og virðing, umburðarlyndi og aðdáun — dásamlegt, mannlegt og guðlegt samband — sönn ást.

Rjúpan hvíta.

Eg var á fjórða árinu og ætlaði fram í eldhús til mómmu. Gekk eg fram moldargöngin í Vatnshól, en fanst rétt að líta um leið fram í bæjardyrnar. Um leið heyrði eg þungt högg á bæjarburstinni, en hvítur fugl þeyttist að fótum mér inn úr dyrunum. Var þetta rjúpa, er flýði þannig úr helgreipum fálkans.

Eg mun hafa orðið hræddur því mamma kom strax fram til

mín. Leiddi hún mig inn og tók rjúpunu og bar hana inn í stafgólfi á milli baðstofunnar og setti hana á gólfið fyrir ofan kistu. Var látið bankabygg og mjólk hjá rjúpunni, en hún snerti ekki við neinu og lá sem dauð væri, að eins hreyfði augun, sem angist skein úr.


Fálkinn gólaði ámatlega, er hann misti af bráð sinni og hneit lengi hringa yfir bænum, en flaug að síðustu burt.

Er góð stund var liðin frá því fálkinn hvarf var rjúpan borin fram í bæjardyrnar og henni slept. Man eg enn hversu ótt hún bar vængina, auðsjáanlega frelsinu fegin.

Síðan hefi eg ekki svo séð fálka, að eg hafi ekki óskað að hann væri dauður. Og eg skil aldrei þá, sem vilja halda fram rétti ránfuglanna, hversu tignarlegir sem eru. Mér finnst ránfuglarnir alltaf sem grimdarfullir morðingjar, sem eigi að útrýma. Aðeins geyma hami þeirra á söfnum, eins og vaxmyndir af alræmdum glæpamönnum.

Við mennirnir viljum láta vernda okkur fyrir morðvörgum. Því skyldu þá ekki saklausir fuglar og dýr eiga sama rétt til verndar gegn grimdarfullum ófsækjendum.

Hannes Jónsson.



ARABA-HÚS Í LYBIU.

Fyrirmyndarþorp í Lybiu, sem Mussolini hefir látið reisa handa Aröbum. — Þorp þetta er nálægt Tripólís og er hið fyrsta af mörgum, sem reist verða.



FIMM LITLAR STÚLKUR

fóru í langferð til þess að heilsa upp á kóng og dróttningu og höfðu mikið gaman af, sem geta má nærri. Litlu stúlkurnar voru kanadisku fimmburarnir heimsfrægu, og var myndin hér að ofan tekin, er þær komu til Toronto. Það er læknir þeirra, dr. Dafoe, sem er með pípuhattinn. — Hjúkrunarkonurnar heita Molly O'Shaugnessy og er írsk, eins og nafnið bendir til, en hin hjúkrunarkonan er Louise Corriveau, frönsk-kanadísk.

„Amen á Hólum“

Í útgáfu Bókmentafélagsins af kvæðum Bjarna Thorarensens (1884) eru birtar allmargar „Aravisur“ og er síðasta ljóðlinan í sumum þeirra „Amen á Hólum“. Í athugasemdum aftan við kvæðin er stuttlega frá því skýrt, hvernig á orðum þessum standi. — En miklu nákvæmar er út í þetta og „Aravisur“ farið í „Síðara bindi“ af „Ljóðmælum“ Bjarna, er út komu 1935 (Hið íslenska Fræðafélag). Þar er það og tekið til nákvæmrar rannsóknar, hvort „Aravisur“ muni allar eftir Bjarna Thorarensen og komist að þeirri niðurstöðu, að svo muni ekki, heldur sé höf. að líkindum margir. Hér verður ekki nánara út í það farið, heldur einungis frá því sagt, hvernig þetta furðulega „Amen á Hólum“ muni undir komið. Ari sá, sem vísurnar eru við kendar, er Ari Sæmundsson, umboðsmaður (1797—1876) alkunnur maður á sinni tíð, einkennilegur um margt, greindur vel og hagorður. Ættaður var hann úr Lundarreykjadal, lærði prentið í Viðey, en fluttist síðan norður. Var um tíma skrifari hjá Bjarna á Möðruvöllum.

„Tilfni viðkvæðisins „Amen á Hólum“ er — eftir sögn A. Sæmundsens —, að þegar gamli sra Hallgrímur Thorlacius í Miklagarði lýsti til hjónabands með sra Jörgen Krøyer og dóttur sinni Ceciliu, sagði hann: „lýsist til heilags ektaskapar í fyrsta sinn með Jörgen Krøyer — ónei maður! sira Jörgen Jó-

hannssyni Krøyer og Ceciliu Hallgrímsdóttur — langt í frá! jómfrú Ceciliu Hallgrímsdóttur Thorlacius; þessar persónur etc. Amen á Hólum; þegar hann var búinn að segja „amen“ mundi hann það hann hafði gleymt að tiltaka heimili þeirra og sagði því „amen á Hólum“.

Sira Hallgrímur hefndi sín á Ara nokkuru síðar. Um það segir svo:

„Administrator Ari var viðstaddur og hélt þessu á loft (þ. e. að klerkur hefði sagt „Amen á Hólum“) og hentu skáld Eyfirðinga gaman að því og höfðu í ýmsum visum, einkum Aravisum. Thorlacius prestur frétti þetta, og svo að Ari hefði komið þessu á loft, og eitt sinn að brúðkaupi, sem Ari var viðstaddur, las prestur borðsálminn, en um leið og hann endaði hann snerist hann að Ara og mælti: „Amen í Miklagarði en ekki á Hólum, Mr. Ari!“ — Ari þekti skeytið, stóð undan borðum og hvarf brott úr veislunni; þar um kvað Bjarni:

Ari kom aldins til hara.

Ara með brullaups var skari.

Ari með víprurnar vara varirnar sparaði ei parið — þar heyrði amenað Ari,

Ari þá var svo sem barinn,

Ara varð ekkert til svara.

Ari þá bara var farinn!

Eg yrki fátt og legg það lágt,

hið litla, sem eg geri.

Það alt er smátt, en ekkert hátt, svo á því mikið beri.

Jón Sigurðsson.

Hitt og þetta

ÚR BRÉFI frá lítilli stúlku.

... Vertu svo æfinlega blessuð og sæl, elsku amma mín, og mundu nú eftir því, að vera góð og þæg stúlka við hana minni, meðan eg er í skólanum. Og mundu líka effir því, að vaða ekki í pollunum, en ef þú vöknar í fót, þá verðurðu að muna mig um, að standa ekki í bleytunni, heldur fara í þurra sokka, undir eins og þá kemur inn. Ef þú hlýðir þessu öllu saman, amma mín, þá ertu góða stúlkan. — Þín elskulega Bína.

EINFÆTINGUR.

Mörg voru kynja-dýrin, að því er menn ætluðu, meðan hjátrúin var sem mögnuðust. Alt var fult af furðulegustu verum og kvikindum. Hafðist dót þetta við í hólum og steinum, hömrum og giljum, vötnum og sjó. Eitt þessara furðulegu kvikinda var „einfætingurinn“. Hönum hefir verið lýst á þessa leið (en til munu fleiri lýsingar):

Einfætingar eru til hér á landi, en þó ekki all-víða. Þeir hafa einn fót eða hnall, sem þeir ganga á, nokkuð stóran. Hann er kringlóttur að neðan, með tám alt í kring. Þær eru frammjóar, segja flestir, er séð hafa. Einfætingar eru ekki miklir vexti og hefir mönnum sýnst, að þeir muni ekki gera betur en að ná góðum meðal-manni í öxl. — Fráir eru þeir

á fæti, greyin, þó að ekki sé nema ein löppin — hendast áfram röskar þrjár álnir í senn. Höfuðið sést mjög sjaldan greinilega og vita menn því ekki með fullri vissu, hvernig það muni að lögun. Það er ætíð sveipað einhverju, sem einna helst mætti líkja við „ský eða þoku“. Og ekki haggast höfuðslæðan, þó að þeir hlaupi móti ofsa-veðri. — Einfætingar búa einkum í giljum og gljúfrum.

VILJUGRI Í ÖÐRU LÍFI.

— Undarleg er hún þessi blessuð tilvera, það segi eg satt, sagði Anna gamla „skygna“ upp úr eins manns hljóði. Og líklega er það svo, að fólk sé léttara á sér og viljugra í öðru lífi, en það hefir verið hér í taradalnum. — Meðan Ólafur sálugi í Koti lifði og var á upp-réttum fótum, varð honum ekki mjakað úr sporunum fyrir eintómri leti. Hann er sá latasti maður, sem eg hefi þekt á minni lífsfæddri ævi, og hefi eg þó mörgum letingjum kynst um dagana. — En síðan hann dó, má heita að hann sé á endalausum þönum. Fari einhver þar í Koti út af heimilinu, er hann óðara rokinn af stað og hleypur alla af sér! Og það segi eg ykkur, hvort sem þið trúið því eða ekki, að komi mun hingað einhver þaðan úr Koti, áður en kvöldið er á enda, því að upp á pallinn kom Ólafur sálugi rétt áðan — svona líka hress og borubrattur!

Það fylgir sögunni, að Jón bóndi í Koti hafi komið um kvöldið. Hafði verið að spyrja um kindur, sem hann vantaði.

Þorði ekki að vona.

Þau höfðu verið á ferðs, lagi hjónin, og hálfgerður þyrkingur í báðum, svo sem venjan var til. Konan var orðin nokkuð gildvaxin og ólík því, sem verið hafði. Og aldurinn færðist yfir og gerði kvöldsett í ríki ástanna.

Einn daginn skoðuðu þau vopnasmíðju. Þar voru fal þyssur miklar. Þótti frúnni það nýstárleg sjón og fjasaði óslöpin öll. Hún vék sér fram fyrir hlaupið á einni og gægðist inn. Og að lokum hvarf höfuðið inn í hlaupið. —


Eiginmaðurinn horfði á og mælti við þann, er sýndi þeim verksmíðjuna:

— Heyri þér mig um hálf orð — mundi nú vera nokkur von um ... eg meina — hún er væntanlega ekki hlaðin, fallbyssan sú arna!

Tarzan-tvíburarnir Nr. 24



Dvergurinn Ukundo lagði við blustirnar. Honum fanst hljóðið einkennilegt. „Djöfull — eða maður“, sagði hann. Alt í einu heyrði hann blísturshljóð inni í skugganum. „Hver ert þú?“ spurði Nonni. „Eg er Paabu“, var hvíslað í móti. Blökkudrengurinn læddist að kofanum.



„Þú bjargaðir lífi mínu“, sagði hann, „og því kem eg til að aðvara þig. Intamo setti eitru í matinn. Eg segi þér þetta svo að þú getir lifað lengur og galdrað. Eftir tvo, þrjá daga drepa þeir þig. Í kvöld taka þeir Bulala og eta hann, þegar tunglið kemur upp. Það er allt og sumt. Eg fer“.




„Biddu! Ef þeir eitru matinn geta þeir ekki etið okkur nema drepast sjálfir“, sagði Kalli með sinni vanalegu rökvisi. „Skiftir engu“, sagði Paabu. „Intamo vill sjá alla drepast í veislunni. Þá tekur hann allt, sem þeir eiga, og verður ríkur. Galdramaðurinn er mesti þrjótur“.



Nonni hlýddi ekki á með áhuga. Hann var að hugsa nýtt ráð. — „Paabu“, hvíslaði hann, „geturðu fært okkur vopn, boga, örvar, langhnífa?“ Hann beið eftir svariinu með öndina í hálsinum. Alt var undir þessu komið. „Nei“, sagði Paabu, „get ekki komið með það“.



Þegar Nonni var að beita áhrifum sínum við Paabu komu ófrýnilegir Bagulla-hermenn og tóku Bulala til að slátra honum í matinn, sem neyta átti á hátíð mannættanna. Brottför hans kom drengjum mjög illa og þeim var sannast að segja farið að þykja vænt um góðlynið, stóra blökkupiltinn.



Þegar hann var leiddur á brott fóru varðmennirnir við kofann á eftir honum. Þeir vildu ekki verða af skemtuninni og óttuðust ekki, að fangarnir þeir, sem eftir voru, myndi sleppa. Þorps-lingirðinginn var nægileg vörn — og þar fyrir handan var frumskógurinn hræðilegi — og nótt fyrir höndum.



Nonni kallaði nú Paabu inn í kofann. „Sjáðu“, sagði hann og dró hnifinn úr mittisskýlu sinni. Paabu hrökk til baka, því að hann óttaðist galdrabrögð Nonna. „Eg skal gefa þér hnifinn“, sagði Nonni, „og þú verður galdramaður“.




Paabu hallaði sér fram ákafur. „En fyrst verðurðu að koma með vopnin“, sagði Nonni. Eftir stutta þögn sagði Paabu: „Eg sækir“. „Vel mælt“, sagði Nonni. — En enginn skyldi sigri hrósa of snemma. Hann var á hættulegum slóðum.




Akveðinn byrjaði Nonni nú framkvæmd annars liðs áforms síns. „Ukundo“, sagði hann stuttlega við dverginn. „Við verðum að flýja í kvöld — undir eins og Paabu kemur með vopnin“. Ukundo hristi höfuðið. „Get ekki flúið“, sagði hann.



„Við getum það“, sagði Nonni. „Þegar mannæturnar eru að skemta sér flýjum við og —“ — „Ekki hægt fara inn í frumskógin á kvöldin“, sagði dvergurinn. „Hann er fullur af djöflum.“ — „Nei, nei“, sagði Kalli, „djöflarnir flýja, þegar þeir sjá Nonna“.



„Eg er mikill galdramaður, Ukundo“, sagði Nonni. „En galdrar hvíta mannsins duga ekki til þess að vísa mér veginn um frumskógin. Ef þú kemur skal eg drepa alla djöfla frumskógarins með göldrum“. — Ukundo hugsaði málið og sagði loks: „Ukundo fer með þér, herra“.



En þegar svo var komið vaknaði spurningin um hvernig komist yrði út úr þorpinu. „Kannske verðum við að berjast, Ukundo“, sagði Kalli. Ef við verðum að deyja, skulum við deyja með vopn í höndum“. — Með miklum hátíðleik sagði Nonni: „Þar talar þú eins og hinn hugrakki Tarzan“.

Félagsprentsmíðjan h.f.